

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022.

Frá 2. minni hluta velferðarnefndar.

2. minni hluti velferðarnefndar tekur undir að mörg góð markmið séu sett fram í fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022. Hins vegar vantar gagnsæi í áætlunina og nær ómögulegt er að átta sig á hvaða fjármagn er áætlað til þeirra markmiða sem sett eru fram. Einnig er stofnkostnaði og rekstrarkostnaði víða blandað saman og gefur það mjög skakka mynd af stöðu mála.

2. minni hluti gagnrýnir þá miklu aðhaldskröfu sem sett er fram í fjármálaáætlun fyrir árin 2018 – 2022 en nú er aðhaldskrafan 1,5% afgangur af fjárlögum. Í ríkisstjórnartíð Framsóknarflokksins var lagt til að aðhaldskrafan væri 1 % afgangur af fjárlögum og leggur 2. minni hluti það til að aðhaldskrafan verði lækkuð um 0,5% eða niður í 1% afgang af fjárlögum. Það ætti að skila ríkissjóði um 10–12 milljörðum kr. aukalega á ári.

Einnig leggur 2. minni hluti til að hægt verði á niðurgreiðslu skulda og aukið við innviðaupbyggingu, m.a. í velferðarmálum.

23 Sjúkrahúspjónusta.

Undir þetta málefnasvið falla sérhæfð sjúkrahúspjónusta, almenn sjúkrahúspjónusta og erlend sjúkrahúspjónusta.

Samkvæmt fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að framlög til málefnasviðsins aukist að raunvirði um rúmlega 16 milljarða kr. samanborið við árið 2017 sem nemur um 20% raunvexti á tímabilinu. Inni í þeirri upphæð er gert ráð fyrir allnokkrum kostnaði við byggingu á nýjum Landspítala en stór hluti af byggingu hans fer fram á tímabili fjármálaáætlunarinnar. Inni í þessari upphæð eru jafnframt útgjöld til tækjakaupa, átak til að stytta biðlista og mönnun á spítalanum. Auk þessa er sett fjármagn til reksturs á jáeindaskanna, göngudeildar BUGL, brjóstamiðstöðvar og útskriftardeildar fyrir aldraða.

Í umsögn Landspítala um fjármálaáætlun kemur fram að það vanti um 10 milljarða kr. til rekstrar og nauðsynlegra tækjakaupa og annars stofnkostnaðar á spítalanum. Þar er miðað við mat Landspítala á uppsafnaðri viðbótarfjárförf spítalans sem velferðarráðuneytið kallaði eftir þegar fjármálaáætlunin var í vinnslu hjá ráðuneytinu.

Ef umrædd fjármálaáætlun verður samþykkt óbreytt telja forsvarsmenn Landspítala að skera þurfi niður kostnað á sjúkrahúsum um u.þ.b. 5 milljarðan kr. á tímabili áætlunarinnar miðað við ný verkefni sem tilgreind eru í áætluninni en óbreytta starfsemi að öðru leyti. Samkvæmt forsvarsmönnum Landspítala þýðir þetta að það viðbótarfjármagn sem lagt er til í áætluninni virðist að verulegu leyti fengið með því að fella niður fjármögnun ýmissa verkefna sem nú þegar eru til staðar. Auk þessa eru sum þessara nýju verkefna sem fjármálaáætlunin felur í sér aðeins fjármögnuð að hluta. Má þar m.a. nefna að hvergi er gert ráð fyrir tækjakaupum vegna nýbygginga við Hringbraut né nauðsynlegum endurbótum á eldri húsum spítalans. Hvort tveggja er forsenda þess að nýr meðferðarkjarni og rannsóknarhús verði tilbúin árið 2023 eins og lögð er áhersla á í fjármálaáætluninni.

2. minni hluti velferðarnefndar hefur lagt áherslu á að nýr Landspítali rísi annars staðar en við Hringbraut, en stefna núverandi og fyrrverandi heilbrigðisráðherra hefur verið að nýr Landspítali rísi við Hringbraut. 2. minni hluti leggur því mikla áherslu á að framkvæmdirnar séu að fullu fjármagnaðar og að fögur orð um

hraða uppbyggingu eigi sér stöð í raunveruleikanum en séu ekki eingöngu fögur orð á blaði. 2. minni hluti leggur samt sem áður mikla áherslu á að öll framtíðaráform um uppbyggingu á nýjum Landspítala eigi sér stað annars staðar en við Hringbraut.

Í umsögn frá forsvarsmönnum Sjúkrahússins á Akureyri kemur fram að takmörkuð raunaukning sé á framlögum til að mæta þörf fyrir aukna þjónustu og nauðsynlegrar uppbyggingar á þjónustu sjúkrahúsanna. Samkvæmt umsögn þeirra er raunaukning til sjúkrahúsþjónustu um 338 millj. kr. á tímabili áætlunarinnar. Inni í þeirri upphæð sé innfalinn aukið framlag til rekstrar og stofnkostnaðar og því vandséð hvernig komið verði til móts við aukningu í þjónustu og þróun sjúkrahússtarfseminnar.

Í umsögninni kemur einnig fram að árleg þörf fyrir hækkun framlaga á næstu árum, miðað við sambærilega aukningu á starfsemi spítalans og undanfarin 5 ár, sé á bilinu 3–4%. Þar af sé árlegur viðbótarrekstrarkostnaður vegna aukinnar eftirspurnar eftiri þjónustu ríflega 370 millj. kr. Má þar m.a. nefna skurðeildarþjónustu, göngudeildarþjónustu og geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglínga. Einnig má nefna átak til að fjölga læknum og fjármögnun kjarasamninga.

2. minni hluti tekur undir áhyggjur forsvarsmanna Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri um vanfjármögnun til sjúkrahúsþjónustu. 2. minni hluti gagnrýnir harkalega það mikla ógagnsæi sem þessi fjármálaáætlun felur í sér og einnig að stofn- og rekstrarkostnaði sé blandað saman. Það gefur afar skakka mynd af stöðu mála.

2. minni hluti velferðarnefndar hefur orðið fyrir verulegum vonbrigðum með hversu lítil raunaukning sé á fjármunum til sjúkrahúsþjónustu samkvæmt fjármálaáætlun og leggur mikla áherslu á að fjárframlög til málaflokksins verði endurskoðuð til að koma til móts við umsagnir fagaðila. Það er vandséð miðað við það fjármagn sem lagt er til málaflokksins að ríkisstjórninni takist að létta álagi af starfsfólki spítalanna og bæta aðbúnað starfsfólks og sjúklinga. Það er skoðun 2. minni hluta og eru það mikil vonbrigði miðað við stefnu ríkisstjórnarflokkanna í aðdraganda síðustu alþingiskosninga.

24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa.

Undir þetta málefnasvið falla heilsugæslan, sérfræðiþjónusta og hjúkrun, sjúkrahjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun og sjúkraflutningar.

Samkvæmt fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að framlög til málefnasviðsins aukist um 11,5 milljarða kr. á gildistíma áætlunarinnar. Inni í þeirri upphæð eru 2 milljarðar kr. vegna sammings við sérfræðilækna, kostnaður við að draga enn frekar úr greiðsluþátttöku sjúklinga er rúmum 3 milljarðar kr. en auk þessa er gert ráð fyrir að efla heilsugæslu í landinu, fjölga sálfræðingum og geðheilsuteymum og styrkja þverfaglega þjónustu heilsugæslunnar.

Á síðasta kjörtímabili náðist gríðarlega mikilvæg þverpólitísk sátt innan velferðarnefndar þingsins um að lækka greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Sáttin var um 50.000 kr. hámarksþak á ári fyrir hinn almenna borgara en rúmar 33.000 kr. fyrir börn, aldraða og öryrkja. Þegar þessi lög tóku gildi 1. maí 2017 standast ekki samþykktir þingsins og er það með öllu óásættanlegt. Ný lög eru á þann veg að hámarksþak verði 70.000 kr. á ári fyrir hinn almenna borgara en um 46.000 kr. á ári fyrir börn, aldraða og öryrkja. 2. minni hluti leggur áherslu á að þetta eru ekki þær upphæðir sem þverpólitísk sátt náðist um á síðasta kjörtímabili og leggur því mikla áherslu á að hámarksþak sjúkratryggðra í heilbrigðiskerfinu verði til samræmis við þverpólitíska sátt velferðarnefndar og samþykkt þingsins sumarið 2016. Einnig leggur 2. minni hluti mikla áherslu á að á árinu 2018 verði næstu skref stigin í átt að betra greiðsluþáttökukerfi. 2. minni hluti leggur mjög mikla áherslu á að gerð verði tímasett og raunhæf áætlun á gildistíma fjármálaáætlunar um hvernig tannlækningar, sálfræðikostnaður og aukinn stuðningur vegna ferðakostnaðar sjúklinga verði felldur undir greiðsluþáttökukerfið. Auk þessa leggur 2. minni hluti mikla áherslu á að tímasett verði hvenær greiðsluþáttökukerfi lyfja- og heilbrigðiskostnaðar renni saman í eitt sanngjarnara kerfi. Mikilvægt er að allar þessar aðgerðir séu kostnaðargreindar og að fullu fjármagnaðar.

Samkvæmt nýjum lögum um sjúkratryggingar, þjónustustýringu, er heilsugæslan fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Í efnislegri vinnslu málsins hjá velferðarnefnd síðasta sumar komu upp áhyggjur um hvort heilsugæslan væri tilbúin undir þetta veigamikla hlutverk, hvað mönnum varðar. Við vinnslu málsins var

ákveðið að leggja aukafjármagn (300–400 milljónir kr.) til heilsugæslunnar til að styrkja hana í þessu hlutverki og var það gert. Hins vegar þarf að gera enn betur í fjármögnun til heilsugæslunnar ef þetta nýja hlutverk hennar á að ganga upp. 2. minni hluti leggur mikla áherslu á það og að horft sé til heilsugæslunnar á landsvísu og hvernig eigi að efla hana bæði varðandi menntun og mönnun.

2. minni hluti hvetur til þess að námslánakerfið verði nýtt sem hvatakerfi fyrir það heilbrigðisstarfsfólk sem ræður sig til starfa á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni þar sem skortur er á sérhæfðu starfsfólki.

2. minni hluti gagnrýnir harkalega að stofnkostnaði og rekstrarkostnaði á málavíði heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa sé blandað saman. Það gefi verulega skakka mynd af stöðu mála. Má þar m.a. nefna að bygging heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu er blandað saman við rekstrarkostnað heilbrigðisstofnana.

25 Hjúkrunar – og endurhæfingarþjónusta.

Undir þetta málefna svið falla hjúkrunar – og dvalarrými.

Samkvæmt fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að framlög til málefna sviðsins aukist um 4,9 milljarða kr. og að reist verði fimm ný hjúkrunarheimili á gildistíma áætlunarinnar. Á bls. 68 í áætluninni kemur fram að þetta verði samtals 319 rými, þar af 261 ný hjúkrunarrými en á bls. 306 í sömu áætlun kemur fram að fjölga eigi hjúkrunarrýmum um 292. Hér er algert ósamræmi innan sömu áætlunar og telur 2. minni hluti óásættanlegt að misvísandi skilaboð séu um hvert skuli stefna. Einnig telur 2. minni hluti að þessi áætlun, sama hvor talan er rétt, sé fjarri því að mæta eftirspurn á næstu árum m.a. vegna fjölgunar aldraðra og þeim fráflæðisvanda sem er til staðar.

2. minni hluti kallar eftir upplýsingum um hvernig þeim 700 millj kr. sem samþykktar voru í fjárlögum Alþingis fyrir árið 2017 hefur verið skipt niður á dvalar- og hjúkrunarheimili landsins og ítrekar mikilvægi þess að Alþingi fái upplýsingar sem þessar. Kallað hefur verið eftir þeim upplýsingum með fyrirspurn frá 22. mars 2017, þeirri fyrirspurn er enn ósvarað, sjá <http://www.althingi.is/alttext/146/s/0429.html>

2. minni hluti leggur mikla áherslu á að horft sé til umönnunarþarfar á dvalar- og hjúkrunarheimilum og þau fái greiðslur í samræmi við þá þjónustu sem þau veita.

26 Lyf og lækningavörur.

Undir þessu málefna sviði eru lyf, lækningavörur, lækningatæki og hjálpartæki.

Samkvæmt fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að framlög til málefna sviðsins aukist um 9,2 milljarða kr. á tímabili áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir 3 milljarða kr. aukningu á framlagi á árinu 2018 en sú hækkun er að mestu vegna útgjalda sem verða á árinu 2017. Hér er verið að bregðast við þeirri vanáætlun sem er í gildandi fjárlögum. Hér því um að ræða gríðarlega hátt hlutfall af áætluðu fjármagni sem fjármálaáætlunin felur í sér, þ.e. rúma 3 milljarða af 9,2 milljörðum kr.

2. minni hluti leggur mikla áherslu á að Ísland taki þátt í auknu norrænu samstarfi vegna kaupa á lyfjum og fái þannig aðgang að stærri mörkuðum og nýrri og betri lyfjum. Það er óásættanlegt að Ísland dragist aftur úr hvað varðar innleiðingu nýrra lyfja sem þegar hafa verið samþykkt annars staðar á Norðurlöndum.

2. minni hluti telur hér um vanfjármögnun um að ræða, sérstaklega þegar litið er til hraðrar framþróunar í lyfjamálum og til að mæta vaxandi fjölda aldraðra.

Sama má segja um hjálpartækin en afar hröð framþróun er á því sviði. Nú eru langir biðlistar eftir hjálpartækjum og nauðsynlegt að bregðast við því til að auka lífsgæði þeirra sem á þeim þurfa að halda. Einnig er mikilvægt að þeir sem þurfa á ýmiss konar hjálpartækjum að halda hafi eitthvert val um hvað hentar og hvað ekki.

27 Öroroka og málefni fatlaðs fólks.

Undir þetta málefna svið heyra bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, örorka, málefni fatlaðs fólks, aðrar örorkugreiðslur og jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.

Gert er ráð fyrir að framlög til málefnasviðsins aukist um 14,4 milljarða kr. á tímabili áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að á tímabilinu verði sömu kerfisbreytingar gerðar á lögum um almannatryggingar vegna greiðslna til öryrkja og gerðar hafa verið vegna ellilífeyrisþega. Gert er ráð fyrir 2,7 milljörðum kr. vegna þessara kerfisbreytinga. 2. minni hluti telur þessar kerfisbreytingar koma of seint því á meðan óbreytt kerfi er enn í gildi búa öryrkjar enn við krónu á móti krónu skerðingu. Jafnframt telur 2. minni hluti vanfjármögnun í fjármálaáætluninni hvað varðar kerfisbreytingarnar en á síðasta kjörtímabili var kostnaður áætlaður um 4-5 milljarðar kr.

2. minni hluti hvarf þær litlu hækkningar sem verða á greiðslum til öryrkja á tímabili áætlunarinnar. Það er með öllu óásættanlegt að bætur til þessa hóps nái ekki nema rúmum 288.000 kr. á gildistíma áætlunarinnar eða til ársins 2022.

2. minni hluti leggur mikla áherslu á innleiðingu og lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og að öll þau verkefni og aðgerðir sem stjórnvöld ætla að ráðast í séu fjármagnaðar að fullu. Fatlað fólk og samtök þess hafa undanfarin ár bundið miklar vonir við þetta ferli og mikilvægt er að unnið verði að því að ljúka því.

Frumvarp um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) er komið til velferðarnefndar. 2. minni hluti leggur áherslu á að málið verði klárað og fjármögnun tryggð. Leysa þarf þann ágreining sem er á milli ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu.

28 Málefni aldraðra.

Undir þetta málefnasvið heyrja bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, öldrun og þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur.

Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að útgjöld til málefnasviðsins aukist um 8,8 milljarða kr. á tímabili áætlunarinnar. Breytingar á útgjöldum málefnasviðsins skýrast t.d. af 3% fjölgun aldraðra sem fá greiðslur úr almannatryggingakerfinu og aðgerðum sem eiga að hækka frítekjumark aldraðra vegna atvinnutekna.

Í raun gerir áætlunin ráð fyrir óbreyttum högum aldraðra og hvarf 2. minni hluti að ekki sé haldið áfram á sömu braut og á síðasta kjörtímabili. Þá var ellilífeyrir þeirra sem eru með heimilisuppbót hækkaður í samræmi við hækkun lágmarkslauna. Halda átti áfram og hækka grunnlífeyri aldraðra upp í 300.000 kr., en þess sér ekki stað í áætluninni.

29 Fjölskyldumál.

Undir þetta málefnasvið falla barnabætur, fæðingarorlof, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn, bætur til eftirlifenda, bætur vegna veikinda og slysa og málefni innflytjenda og flóttamanna.

Samkvæmt fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að framlög til málefnasviðsins verði 1,8 milljarði kr. hærri á árinu 2022 en á árinu 2017. Gert er ráð fyrir að hámarksgreiðslur til foreldra í fæðingarorlofi hækki um hálfan milljarð kr. á ári þegar hækkunin verður að fullu komin til framkvæmda. Gert er ráð fyrir að greiðslurnar hækki í 600.000 kr. í þremur áföngum á jafn mörgum árum. Einnig er gert ráð fyrir byggingu meðferðarheimilis fyrir börn og unglinga á árunum 2018–2020 og er heildarkostnaður um 500 millj. kr. Auk þessa er gert ráð fyrir að útgjöld til barnabóta haldist óbreytt að raunvirði yfir tímabilið.

2. minni hluti leggur áherslu á að barnabætur verði réttur barnsins og fylgi því. Núverandi kerfi er ógagnsætt og flókið þar sem það miðast við ólík sambúðarform, aldur barna og fjölda þeirra með ólíkum skerðingarmörkum eftir sambúðarformi og fjölda barna. Núverandi kerfi býr til hvata til þess að fólk sem á börn saman séu ekki í skræðri sambúð. Einfalda þarf kerfið og hækka bætur á hvert barn í 450.000 kr. Á móti verði ein skerðingarprósenta í stað fjögurra.

2. minni hluti fagnar því að hækka eigi hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi en telur það mikil vonbrigði að samkvæmt áætluninni er ekki gert ráð fyrir „gólfi“ hvað varðar lágmarksgreiðslur. Ekki er heldur gert ráð fyrir lengingu fæðingarorlofs né að komið verði á móts við foreldra sem þurfa að hefja töku fæðingarorlofs

fyrir vegna þess að sækja þarf fæðingarþjónustu fjarri heimabyggð. 2. minni hluti leggur mikla áherslu á þessi atriði og tímasett verði á gildistíma áætlunarinnar hvenær þessir mikilvægu þættir taka gildi.

30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi.

Undir þetta málefnasvið heyra vinnumál og atvinnuleysi og vinnumarkaður.

2. minni hluti gerir ekki athugasemdir við þetta málsvið fjármálaáætlunarinnar. Þetta er í samræmi við aðgerðir ríkisstjórnar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks á síðasta kjörtímabili.

31 Húsnæðisstuðningur.

Undir þetta málefnasvið falla vaxtabætur, húsnæðisbætur og stofnframlög vegna almennra leiguíbúða. Útgjöld til málaflokksins munu lækka á tímabili áætlunarinnar og er það með öllu óásættanlegt.

Gert er ráð fyrir að 600 almennar leiguíbúðir verði byggðar á árunum 2018–2020 en 300 íbúðir á ári eftir það. 2. minni hluti leggur áherslu á að þarfagreining verði gerð til þess að kanna hver þörfin er fyrir byggingu leiguhúsnæðis. Einnig leggur 2. minni hluti áherslu á að úrræðið fyrsta fasteign verði útfært í aðra fasteign til að koma á móts við þá einstaklinga sem misstu húsnæði sitt í hruninu og eru fastir á leigumarkaði eða búa við aðrar aðstæður. 2. minni hluti hvarf jafnframt að dregið verði úr húsnæðisstuðningi, bæði húsnæðisbótum og vaxtabótum á tímabili áætlunarinnar.

32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála.

Undir þetta málefnasvið heyra lýðheilsa, forvarnir og eftirlit, jafnréttismál og stjórnsýsla velferðarmála.

Samkvæmt fjármálaáætlun eykst heildarframlag til málefnasviðsins um 355 milljónir kr. á tímabilinu en veltan á málefnasviðinu er 8,3 milljarðar kr. á þessu ári. 2. minni hluti telur að lítið verði gert í þessum málum á tímabili áætlunarinnar þar sem fjármagnsaukning til málaflokksins er lítil sem engin.

Lokaorð

2. minni hluti velferðarnefndar leggur til að fjármálaáætlun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar verði hafnað. Auka þarf fjármagn til mikilvægrar innviðaupbyggingar eins og fjallað hefur verið um í þessari umsögn.

Alþingi, 8. maí 2017.

Elsa Lára Arnardóttir.